

Að endingu mælumst vèr til, að þer, herra landshöfðingi, birtið þetta almenningi á Íslandi á þann hátt, sem best þykir henta.

1873.
30. júní.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um undirskriptir stiptsyfirvaldanna.

30. júní.

Í bræfi, dagsettu 18. apríl. þ. á., hafið, þer, herra landshöfðingi skýrt frá, útaf fyrirspurn frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og biskupinum, sem nú eru stiptsyfirvöld yfir Íslandi: hvor þeirra skuli skrifa yfir undir bréf þau, sem þeir útgefa í sameiningu sem stiptsyfirvöld, að þer hafið til bráðabirgða gefið þann úrskurð, að það stiptsyfirvaldið, sem er veraldlegur embættismaður, skuli eins og hingað til skrifa yfir undir; hafið þer jafnframt stungið uppá, að amtmannur Bergur Thorberg fái stiptamtmannsnafnbót, jafnframt því að hann sè amtmannur yfir suður- og vesturumdæminu, og ef stjórnarráðinu kynni að þykja það ísjárvert, hafið þer til vara lagt til, að fallizt verði á úrskurð þann, sem þer hafið gefið til bráðabirgða um þetta mál.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við kirkju- og kennslustjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þer birtið það, að stjórnarráðinu hefir eigi fundizt það rétt, að koma því til leiðar, að skipaður verði stiptamtmaður, með því landshöfðinginn að álitu stjórnarráðsins verði einnig í tign að standa yfir öllum öðrum íslenskum embættismönnum, en úrskurð þann, sem þer hafið lagt á málið til bráðabirgða, fellst stjórnarráðið á, þar sem fyrirkomulagið er svo í öðrum pörtum ríkisins, og skal því hinn veraldlegi embættismaður, sem er stiptsyfirvald, einnig eptirleiðis skrifa fyrst undir embættisbréf o. s. frv., sem út ganga frá stiptsyfirvöldunum.